

# Fréttabréf AFLs

1. tbl. 2019

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson

## Hófleg bjartsýni um gang kjaraviðræðna

**Langstærstur hluti félagsmanna AFLs er með lausa kjarasamninga frá síðustu áramótum. Þetta gildir um nánast alla félagsmenn, nema sjómenn, en þeirra samningar renna út 1. desember og samningar félagsmanna sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum renna út 31. mars.**

Íðnaðarmenn í AFLi eru þátttakendur í samstarfi Samiðnar, RSÍ og fleiri og verslunarmenn eru þátttakendur í viðræðum Landssambands íslenskra verslunarmanna og SA. Samningsumboð vegna félagsmanna á samningssviði Starfsgreinasambandinu (SGS) á almennum vinnumarkaði er hjá því.

Áð sögn Hjördísar Þóru Sigurþórsdóttur, formanns AFLs, sem tekur þátt í viðræðunum fyrir hönd Starfsgreinasambandsins, ganga viðræður hægt, en sígandi. Hún segir að fundað sé þétt í ýmsum undirhópum um afmörkuð viðfangsefni og að líklega sé búið að halda hátt í hundrad fundi. „Mér finnst atvinnurekendur að mörgu leyti tilbúnari til að ræða málin en oft áður“, segir Hjördís. „Við erum að vísu ekki farin að ræða launaliðinn, en það hangir líka saman við þær kröfur sem við settum fram gagnvart ríkisvaldinu um leiðréttingu á sköttum hjá láglaunahópunum.“

Hún segir væntanlegt skattaútspil ríkisstjórnarinnar skipta miklu máli í þessu sambandi. Alþýðusambandið hafi sett fram sínar hugmyndir að skattaleiðréttingum. „Ríkisstjórnin hefur ekki brugðist við þeim, utan það að fjármálaráðherra var ekki mjög jákvæður. Þó það sé ekki venja að ríkisstjórn spili út sínum loforðum fyrr en á síðustu stundu, þá skiptir óvenju miklu máli núna hvert útspil hennar verður.“

### Fjórir hópar eins og oft áður

Áðspurð hvort það hafi ekki sett strik í reikninginn að nokkur félög hafi slitið sig frá Starfsgreinasambandinu fyrir áramót, segir Hjördís að það sé meira á yfirborðinu en í raun. „Við erum með fjóra hópa og það er ekkert nýtt. Við höfum verið með fjóra hópa í samningum í langan tíma. Við erum með SGS, verslunarmennina og núna erum við með íðnaðarmennina alla í sama hópnum. Svo eru þessi félög sem eru búin að vísa til ríkissáttasemjara. Það má segja að sá hópur komi í stað Flóabandalagsins í þessu mynstri. Það hefur ekki gerst mikið hjá þeim síðan þeir vísuðu málunum til sáttasemjara, ekki þá fyrr en núna síðustu daga.“ Síðan segir Hjördís að það sé talsverð samvinna á milli. Efling taki til dæmis þátt í ýmissi vinnu með SGS hópnum.

Hjördís segist láta sig dreyma um að hægt verði að ná samningum í febrúar. „Það er kannski óþarflega bjartsýnt, en það sakar ekki að vera bjartsýnn.“ Hún segist ekki sjá fyrir sér að Starfsgreinasambandið muni vísa deilunni til ríkissáttasemjara alveg á næstunni. „Þetta hefur verið rætt talsvert, en meðan viðræður eru í gangi og virðast þokast, þá er það ekki í neinni alvöru. Það getur auðvitað komið til þess að tekin verði ákvörðun um það en hún er ekki á dagskrá núna. Ef þetta aftur á móti dregst á langinn, þá er meirihluti félagsmanna tilbúinn í átök. Kannanir sýna það“, segir Hjördís Þóra, formaður AFLs Starfsgreinafélags.

### Staðan hjá verslunarmönnum

Þróunin hjá verslunarmönnum hefur um sumt verið áþekkt því sem verið hefur hjá SGS. Stærsta félag verslunarmanna - VR - dró samningsumboð sitt til baka frá LÍV og vísaði deilunni til ríkissáttasemjara, ásamt Eflingu og VLFA. Önnur félög í LÍV hafa átt í viðræðum við Samtök atvinnulífsins og að sögn Lars Imslands, formanns deildar verslunar- og skrifstofufólks í AFLi, hefur gangurinn í viðræðunum verið allgóður. „Það er verið að ræða saman og fundað reglulega um ýmis mál. Fólk hefur frekar trú á að þetta muni ganga, þótt það sé auðvitað ekki hægt að fullyrða neitt um það á þessu stigi. Ég hef mikla trú á því fólki sem er í framlinunni fyrir okkur í þessum viðræðum.“ Lars segist ekki treysta sér til að fullyrða um hvort langt sé í land, en á meðan fólk sé að ræða saman sé ástæðulaust að vera svartsýnn. „Ég hef sæmilega góða trú á þessu“, segir Lars að lokum.

### Áhersla á styttingu vinnutíma hjá iðnaðarmönnum

Sigurður Hólm Freysson segir að samninganefnd og sambandsstjórn Samiðnar hafi fundað sl. föstudag. Þar hafi komið fram, að viðræður um styttingu vinnutímans séu komnar vel á veg og það sé byrjað að ræða launatölur, þótt ekkert formlegt liggi fyrir í því sambandi.

„Ef þetta gengur eftir eins og fram að þessu og það næst að hnýta lausu endana varðandi vinnutímastyttingu, þá sýnist mér að það sé hægt að ljúka samningum um miðjan febrúar. En auðvitað getur margt gerst sem



getur sett strik í reikninginn.“ Áð sögn Sigurðar hafa atvinnurekendur ekki tekið illa í þær tölur sem hafa verið nefndar sem þurfi að hækka tímakaup til að menn haldi sama kaup, þrátt fyrir að stundum á vinnustað fækki. Hann segist upplifa það þannig að menn séu tilbúnir til að ganga alllangt til að það geti gengið eftir. Síðan sé farið að nefna tölur varðandi launahækkanir til viðbótar, þótt ekki sé um nein formlegt tilboð að ræða.

„Hjá okkur er hugsunin ekki endilega sú að það þurfi að bíða eftir VR og Eflingu. Áherslurnar í okkar kröfum eru ekki alveg eins og það er lögð mikil áhersla á vinnutímastyttingu, án þess að þurfa að borga fyrir hana sjálf. Auðvitað viljum við hraustlega uppfærslu á launatöxtum líka“, segir Sigurður. Hann segist vera hæfilega bjartsýnn eins og staðan sé núna, en það sé engu að síður þónokkur vinna eftir.

## Eingreiðslur um mánaðamótin

Ákvæði eru í kjarasamningum um eingreiðslur félagsmanna AFLs sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum þann 1. febrúar 2019.

Hjá sveitarfélögum greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 42.500, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

Hjá ríkinu greiðist sérstök eingreiðsla, 45.000 kr., til þeirra sem eru í fullu starfi í janúar 2019. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu.

# Af hverju eru einyrkjar og sjálfstæðir í AFLi?

Í Afli Starfsgreinafélagi eru nokkrir tugir félaga sem í raun þiggja ekki laun hjá neinum nema sjálfum sér og fólki gæti þótt það skjóta skökku við í verkalyðsfélagi. Verkalyðsfélag snúast auðvitað um að launafólk sameini krafta sína í baráttu fyrir betri kjörum.

Skýringin er að hluta söguleg – þ.e. að verkalyðsfélögin á hverjum stað voru „samfélagsöfl“ staðanna og því sóttust fleiri en beinlínis verkamenn eftir aðild. Einnig líta margir einyrkjar og sjálfstætt starfandi á aðild að verkalyðsfélagi sem baktryggingu fyrir sig og sína starfssemi.

Reglugerðir deilda AFLs eru þannig að sjálfstætt starfandi hafa ekki atkvæðisrétt um kjarasamninga og koma þannig ekki nærri kjaramálum og gerð kjarasamninga. Það eru þá frekar aðrir þættir þjónustu AFLs sem fólk sækir í.

Varðandi rétt fólks til sjúkradagpeninga hefur einyrkjum

og sjálfstætt starfandi verið bent á að réttur þeirra til sjúkradagpeninga AFLs hefst ekki fyrr en að loknum veikindarétti sem viðkomandi ætti að eiga hjá sjálfum sér. T.d. einstaklingur sem unnið hefur sjálfstætt í eitt ár á eins mánaðar veikindarétt hjá sjálfum sér.

## Sækja í orlofskostina

Svo virðist sem aðgangur að orlofskostum félagsins sé eftirsóknarverður og höfum við séð fjölgun félagsmanna sem starfa sjálfstætt síðan félagið endurnýjaði íbúðir sínar á Akureyri og í Reykjavík. Það sem hins vegar vekur athygli er að margir sem skila sjálfir af sér félagsgjaldi miða við laun sem hvergi duga til framfærslu.

Á síðasta aðalfundi AFLs var samþykkt að miða félagsgjald einyrkja og sjálfstætt starfandi einstaklinga við miðunarfrjárhæð Ríkisskattstjóra fyrir viðkomandi starf. Félagið hefur ekki haft tók á



Mynd úr safni AFLs. Hún tengist efni greinarinnar ekki beint.

að hefja eftirlit með skilum iðgjalda sjálfstætt starfandi, en það er í undirbúningi.

Þetta verður engin aukaleg fyrirhöfn fyrir þá sem starfa sjálfstætt og vilja njóta hlunninda félagsaðildar AFLs - viðkomandi þarf bara að láta félagið fá afrit af samskiptum við Ríkisskattstjóra vegna reiknaðs endurgjalds.

Það er ekki hægt að líða að sumir félagsmanna ákveði sjálfir hvað þeir greiða í félagsgjald á meðan aðrir greiða fast hlutfall af öllum launum sínum. Samkvæmt lauslegri skoðun eru sjálfstætt starfandi og einyrkjar aðeins um 40 – 50 manns og því verður ekki erfitt að hafa eftirlit með skilum frá þessum aðilum.

## Kynbundinn launamunur eykst

Launamunur kynja meðal félagsmanna AFLs minnkar heldur á milli ára en á móti eykst kynbundinn launamunur. Þetta er meðal niðurstaðna launakönnunar sem gerð var síðasta haust.

Könnunin leiddi í ljós að á meðal fólks í 100% starfshlutfalli eru konur að jafnaði með 30% lægri heildarlaun heldur en karlar. Meðalheildargreiðslur karla voru

rúmar 680 þúsund krónur, en meðalheildargreiðslur kvenna tæpar 477 þúsund krónur. Munurinn í fyrra var 33%.

Að teknu tilliti til aldurs, aldurs í öðru veldi, starfs, vinnufyrirkomulags (dagvinna/vaktavinna) og fjölda vinnustunda minnkaði munur á heildarlaunum í 18,4%. Því er hægt að segja að meðal fólks sem er á sama

aldri, í sömu starfsgrein, með sama vinnufyrirkomulag og vinnur sama fjölda vinnustunda séu karlar með ríflega 18% hærri heildarlaun en konur. Í könnun árið 2016 reyndist munurinn 15,4%. Menntun virðist ekki hafa áhrif á heildarlaunin.

## Dagvinnulaun

Dagvinnulaun kvenna voru að jafnaði

16,3% lægri en meðaldagvinnulaun karla. Meðaldagvinnulaun karla í 100% starfshlutfalli voru rúmlega 447 þúsund krónur en dagvinnulaun kvenna að meðaltali rúmlega 374 þúsund krónur. Þegar tekið er tillit til aldurs, starfs, vinnufyrirkomulags og vinnustunda er launamunurinn 10,6% en var 8,6% í könnuninni árið 2017.

### Hvernig er kynbundinn launamunur reiknaður?

Til að reikna leiðréttan kynbundinn launamunur er notuð línuleg aðhvarfsgreining (linear regression analysis) þar sem leiðrétt er fyrir áhrif fjögurra þátta á laun (aldur, starf, vinnufyrirkomulag og fjölda vinnustunda á mánuði). Sá munur sem eftir stendur þegar tekið hefur verið tillit til framangreindra þátta er sá munur sem er á launum karla og kvenna sem gegna sambærilegum störfum.)




Heildarlaun:  
**680.000**  
Dagvinnulaun:  
**447.000**



Heildarlaun:  
**477.000**  
Dagvinnulaun:  
**374.000**



**KLUKK**  
KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



### VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er frítt tímskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á [asi.is/klukk](http://asi.is/klukk)



Now also in English



Teraz także w języku polskim



## Birkir Snær persónuverndarfulltrúi AFLs



Birkir Snær Guðjónsson hefur verið skipaður persónuverndarfulltrúi AFLs. Birkir er trúnaðarmaður hjá Eimskip á Mjóeyrarhöfn og hefur verið virkur í starfi félagsins. Hann er 35 ára gamall og býr á Fáskrúðsfirði með fjölskyldu sinni. Hann verður þó ekki starfsmaður félagsins heldur sinnir áfram vinnu sinni hjá Eimskip.

Hlutverk persónuverndarfulltrúa AFLs er að vera stjórn og starfsfólk

til ráðgjafar um málefni er varða persónuvernd og eins að vera tengiliður fyrir þá félagsmenn sem telja á sér brotið af félaginu. Birkir hefur kynnt sér persónuverndarmál sérstaklega síðustu mánuði og hefur góðan faglegan stuðning af lögmonnum AFLs og Alþýðusambandsins.

Persónuverndarstefnu AFLs má nálgast á heimasíðu félagsins, [www.asa.is/personuverndarstefna](http://www.asa.is/personuverndarstefna)



Fyrir vinnu utan hefðbundins dagvinnutíma er ýmist greitt yfirvinnukaup eða vaktaálög. Vaktaálög eru mun lægri en yfirvinna og því eru skilyrði fyrir því hvenær greiða má vaktaálög.

Vaktavinnuákvæði geta verið mismunandi eftir kjarasamningum.

### Eftirfarandi er sameiginlegt:

- Vaktaplan þarf að liggja fyrir með ákveðnum fyrirvara. Mismunandi á milli kjarasamninga.
- Vaktir hafa fast upphaf og fastan endi – óheimilt er að senda fólk heim af vakt og spara sér laun. Alltaf skal greiða vakt að fullu.
- Alla vinnu fram yfir fyrirfram ákveðin vaktalok skal greiða sem yfirvinnu.
- Allir sem vinna vaktavinnu eiga rétt á vetrarfríi.
- Alla vinnu umfram 173 klst. á mánuði skal greiða sem yfirvinnu.

### Algengustu brot á ákvæðum kjarasamninga um vaktavinnu:

- Vaktir settar á með ófullnægjandi fyrirvara.
- Vaktaplan ekki lagt fram fyrr en alltof seint.
- Vaktaplani breytt eftir hendinni – jafnvel daglega.
- Vaktir byrja og enda á mismunandi tímum.

Ákvæði um vaktavinnu eru mismunandi milli kjarasamninga. Skoðaðu kjarasamninginn sem gildir um þitt starf.

## Meirihluti nýtir sér þjónustu félagsins

Ríflega 30% félagsmanna segjast hafa nýtt sér þjónustu orlofsjóðs AFLs á síðustu 12 mánuðum og meira en 14% segjast hafa nýtt þjónustu sjúkrasjóðs og 13,4% hafa fengið heilsueflingarstyrk. Næstum 11% segjast hafa fengið fræðslustyrk eða sótt námskeið sem greitt er af félaginu að einhverju leyti.

Þessu til viðbótar segjast allmargir hafa leitað til félagsins til að sækja aðstoð við kjaramál og lögfræðiþjónustu og 14,4% segjast hafa náð í upplýsingar af heimasíðu félagsins. Eðlilega hafa margir nýtt sér fleiri en einn þátt í þjónustu félagsins, en 38,4% kváðust ekki hafa nýtt sér neinn af þjónustupáttum félagsins síðustu 12 mánuði.

### Ungir nýta sér fræðsluna

Samkvæmt könnuninni er mikill munur á því hverjir nýta sér hvaða þjónustu. Þannig hafa hlutfallslega mun fleiri konur en karlar nýtt sér þjónustu sjúkrasjóðs og ýmsa fræðsluþjónustu. Enn meiri munur er á milli aldurshópa. Alls nýta um 40% fólks á aldrinum 35-55 ára þjónustu félagsins í orlofsmálum, en ríflega 20% félagsmanna í yngsta (18-24 ára) og elsta hópnum (55 ára og eldri). Miklu munar líka á


fræðslusjóði. Einungis 2% úr hópi 55 ára og eldri segjast hafa nýtt sér slíka þjónustu, en hlutfallið eykst eftir því sem svarendur eru yngri. Í hópi 25-34 ára segjast 15% hafa nýtt sér þjónustu af því tagi og 19% úr yngsta hópnum, 18-24 ára.

Ýmislegt fleira áhugavert má lesa úr niðurstöðunum. Til dæmis virðast félagsmenn sem búa á Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði eða á Vopnafirði, frekar nýta orlofsúræði félagsins en t.d. þeir sem búa á Egilsstöðum eða Eskifirði.

Almennt virðast félagsmenn sækja því meiri þjónustu hjá félaginu, því meiri formlega menntun sem þeir hafa að baki. Þetta gildir um allar tegundir þjónustu. Næstum helmingur (48%) þeirra sem hafa grunnskólapróf eða minna, hafa ekki nýtt sér neina þjónustu hjá félaginu á undanförunum 12 mánuðum.

### Um 72% ánægð með þjónustuna

Í könnuninni var spurt hvort félagsmenn væri ánægðir eða óánægðir með þjónustu félagsins. Innan við 5% þeirra sögðust mjög eða frekar óánægð, 23,3% sögðust hvorki ánægð né óánægð og 71,8% sögðust ánægð. Meðaltalið hefur þokast upp á við á undanförunum



notkun félagsmanna á þjónustu sjúkrasjóðs og fræðslusjóðs. Einungis 7% svarenda úr yngsta hópnum kveðst hafa nýtt þjónustu sjúkrasjóðs. Hlutfallið eykst síðan með hækkandi aldri og í elsta hópnum segjast 22% hafa nýtt sér sjúkrasjóðinn á síðustu 12 mánuðum. Þverfug mynd blasir við þegar horft er til þátttöku á námskeiðum og styrkja úr

árum og hefur aldrei mælst hærra en í þessari könnun.

Talsverður munur var á svörum eftir því hvort viðkomandi hafði nýtt sér þjónustuna eða ekki. Tæplega 80% þeirra sem hafa nýtt sér þjónustuna á síðustu 12 mánuðum eru ánægð með hana, en 58% þeirra sem segjast ekki hafa nýtt hana.

# Hvað ef vinnuveitandinn vill láta trúnaðarlækninn skoða þig?

Síðustu mánuði hafa nokkrir félagsmenn AFLs verið boðaðir í skoðun hjá „trúnaðarlæknum“ launagreiðenda sinna. Einhverjir hafa mætt í þessar skoðanir en aðrir hafa haft samband við AFL og við ráðleggjum fólki að fara ekki til trúnaðarlækna ef það ekki beinlínis óskar þess sjálf.

Störf trúnaðarlækna hafa verið mjög til skoðunar síðustu ár og lagarammi um störf þeirra er mjög götöttur. Trúnaðarlæknar hafa í raun enga aðra stöðu en aðrir læknar og eiga að vera bundnir af sama trúnaði og aðrir læknar. Þeir starfa líka undir sömu lögum og siðareglum. Eitt grundvallaratriði í lögum um heilbrigðisstarfsmenn er að það er ekki hægt að þvinga neinn til að þiggja lækniþjónustu.

Allir kjarasamningar gera ráð fyrir að starfsfólk tilkynni veikindi sín

til næsta yfirmanns og framvísi læknisvottorði ef þess er óskað. Fyrirtækin hafa verið að bæta í og það hefur verið mjög í tísku að skikka fólk til að tilkynna veikindi sín til einkafyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

Þá virðist og vera að færast í vöxt að fólk er „boðað“ í viðtal og skoðun hjá trúnaðarlækni.

## Í þessu sambandi er rétt að benda fólki á eftirfarandi.

1. Öllum er frjálst að velja sinn eigin lækni og ekki er hægt að senda fólk til lækni sem það ekki vill hitta.

2. Læknisvottorð sem læknir með starfsleyfi gefur út er fullgilt og mun duga í innheimtumáli komi til þess að innheimta þurfi laun í veikindum. Það þarf mjög ríkar ástæður til að véfengja læknisvottorð og dómstólar



hafa að jafnaði tekið læknisvottorð góð og gild.

3. Á læknisvottorði sem sent er fyrirtæki á alls ekki að koma fram hvaða veikindi það eru sem hrjá fólk – heldur aðeins hvort viðkomandi er vinnufær eða ekki. Sama gildir í raun um læknisvottorð sem send eru stéttarfélögum vegna sjúkradagpeninga.

4. Á sama hátt kemur í sjálfu sér hvorki verkstjóra né starfsmanni einkaheilbrigðisþjónustu við hvað er að starfsmanni. Fólk á að hringja og tilkynna sig veikt. Annað ekki.

Grundvallarreglan er sú að það kemur engum við nema einstaklingnum sjálfum og hans lækni hvaða sjúkrómar hrjá viðkomandi og það er viðkomandi í sjálfsveld sett hvort hann vill deila þeim upplýsingum og þá með hverjum.

Það er auðvitað ekkert að því að tilkynna sig veikan og segja að flensan hafi lagt mann í rúmið – en viðkomandi ræður því sjálfur. Ef launagreiðandi vill læknisvottorð – þá á að biðja um vinnufærnivottorð en ekki fullgilt sjúkradagpeningavottorð.


## Færri ósáttir

Rúm 5% félagsmanna AFLs eru ósáttir við félagið, en 73% þeirra eru sáttir. Um fimmtingur er hvorki sáttur né ósáttur, að því er fram kemur í launakönnun félagsins, sem gerð var síðastliðið haust.

Alls eru næstum þrjú af hverjum fjórum félagsmönnum sáttir við AFL Starfsgreinafélag. Tæplega 28% segjast vera mjög sátt og rúm 45% eru frekar sátt. Þeim sem eru mjög sáttir fækkar lítillega frá síðustu könnun, en þá sögðust næstum 31% svarenda í könnuninni vera mjög sáttir við félagið.

Þetta þýðir ekki að þeim fjölgi sem eru ósáttir. Einungis 1,8% félagsmanna eru mjög ósáttir við félagið og 3,5% eru frekar ósáttir. Fækkað hefur í þessum hópi yfir tíma, því á árunum 2012-2014 var meira en tíundi hver félagsmaður ósáttur við félagið.

Þeim hefur einnig fækkað yfir tíma sem eru hvorki sáttir né ósáttir. Í fyrsta skipti sem mælt var, árið 2011, var um þriðjungur félagsmanna hvorki sáttur né ósáttur við félagið. Þeim hefur svo fækkað nokkuð jafnt og þétt og þeir fóru í fyrsta skipti undir fimmting á síðasta ári. Í ár voru tæp 22% hvorki ánægð né óánægð með félagið.



Konur eru ívið sáttari við félagið en karlar. Þeir sem yngri eru, segjast jafnframt ánægðari allmennt með félagið en hinir eldri.

## Persónuafsláttur og skattleysismörk hækka

Persónuafsláttur einstaklinga verður 677.358 kr. fyrir allt árið 2019, eða 56.447 kr. á mánuði. Árlegur persónuafsláttur hækkar samkvæmt því um 30.619 kr. milli árunna 2018 og 2019, eða um 2.552 kr. á mánuði. Hækkun persónuafsláttar nemur 4,7%.

Skattleysismörk tekjuskatts og útsvars verða 159.174 kr. á mánuði

að teknu tilliti til 4% lögbundinnar iðgjaldsgreiðslu launafólks í lífeyrissjóð, samanborið við 151.978 kr. á mánuði árið 2018. Hækkun skattleysismarkna milli ára nemur 4,7%.

Pegar tekjur ná skattleysismörkum byrjar launamaður að greiða útsvar til sveitarfélags síns. Launamaðurinn byrjar hins vegar ekki að greiða

tekjuskatt til ríkisins fyrr en tekjur ná 261.329 kr. á mánuði árið 2019, samanborið við 249.514 kr. á mánuði árið 2018.

Í nýsamþykktum lögum um breytingar á tekjuskatti einstaklinga skulu þrepamörk tekjuskatts á árinu 2019 nú uppreiknuð í réttu hlutfalli við hækkun á vísitölu neysluverðs næstliðna tólf mánuði í staðinn

fyrir breytingar á launavísitölu. Þrepamörk tekjuskatts verða samkvæmt því við 11.125.045 kr. árstekjur, eða 927.087 kr. á mánuði fyrir næsta ár. Tryggingagjald lækkaði um 0,25 prósentustig um áramótin.

Hægt er að lesa sér til um skatthlutföll einstaklinga vegna ársins 2019 á vef ríkisskattstjóra.